



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Halldór Laxness

ÍSLE3LX05

Kennsluáætlun haustönn 2017

Kennari:

Gísli Skúlason (GK)

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á ævi og verk þessa áhrifamikla rithöfundar sem fæddist í byrjun 20. aldar (1902), hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum (1955) og lést undir lok hennar (1998). Eftir hann liggur safn fjölbreytilegra ritverka: skáldsögur, smásögur, ljóð, leikrit, sjálfsævisöguleg skrif, stuttar greinar og lengri ritgerðir um margvísleg efni. Gert er ráð fyrir því að nemendur kynni sér sýnishorn í hverjum þessara flokka, lesi að minnsta kosti eina stóra skáldsögu og vinni fjölbreytt verkefni í ræðu og riti.

Markmið áfangans:

Þekkingarmarkmið þar sem nemandi þekkir og skilur:

- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu.
- þau áhrif sem stórir rithöfundar geta haft á samtíð sína og sögu.
- umfjöllunarefni og viðhorf Halldórs Laxness sem höfundar.
- helstu kennileiti í sögu íslenskra bókmennta á 20. öld.
- þróunina í rithöfundarferli Halldórs Laxness.
- helstu bókmenntastefnur í Evrópu á 20. öld.

Leiknimarkmið þar sem nemandi hefur öðlast leikni í að:

- nota fjölbreytilegan orðaforða og blæbrigðaríkt mál í umfjöllun sinni.
- ganga frá texta til birtingar og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.
- koma efni á framfæri á skýran, skipulagðan og vandaðan hátt.
- beita gagnrýninni og skapandi hugsun við úrvinnslu verkefna.

Hæfnimarkmið þar sem nemandi hagnýtir sér þekkingu sína og leikni til að:

- túlka merkingu bókmenntatexta sem liggur ekki á yfirborðinu (undirtexti).
- átta sig á samhenginu í verkum og viðhorfum HKL og geta greint frá því.
- greina þræði í höfundarverki og flétta þá saman í stærri heildir.
- taka virkan þátt í umræðum og tjá rökstudda afstöðu sína.
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta

Námsefni

- Halldór Laxness: Íslandsklukkan (allir 3 hlutar sögunnar)
- Lykilbók (orðskýringar við Íslandsklukkuna og 3 önnur verk HKL, aðgengileg í FSu.)
- Sýnishorn annarra verka Halldórs Laxness frá kennara (smásögur, leikrit, ljóð, greinar)

Auk þess eru ótal heimildir til um Halldór Laxness og verk hans sem sumar verða nýttar þegar þar að kemur.

Námsmat

Áfanginn er án lokaprófs. Allmörg verkefni verða metin til einkunna, auk þess sem ýmis smærri verkefni verða lögð fyrir til að styrkja námið. Próf verða úr öllum hlutum Íslandsklukkunnar og aðeins hægt að taka þau á auglýstum tíma á önninni.

Varla þarf að taka fram að nemendur eiga að **skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.**

Vægi einstakra verkefna:

- 20% Próf (3) úr Íslandsklukkunni. eitt úr hverjum hluta sögunnar
- 10% Tímaritgerð um Íslandsklukkuna
- 25% Smærri tímaverkefni
- 25% Vangaveltubók, rituð jafnt og þétt alla önnina
- 20% Lokaverkefni, val um greinandi eða skapandi verkefni

Vinnuáætlun

Vika	Dags.	Viðfangsefni
34	21.-25. ágúst	Halldór Laxness og verk hans - Yfirlit
35	28. ágúst-1. sept.	Halldór Laxness, frh. Íslandsklukkan lesin heima, kafli 1-10.
36	4.-8. sept.	Íslandsklukkan lesin heima, kafli 11-20. Próf 7. sept.
37	11.-15. sept.	Hið ljósa man lesið heima, kafli 1-10. Vangaveltubók, skil 1.
38	18.-22. sept.	Hið ljósa man lesið heima, kafli 11-20. Próf 21. sept.
39	25.-29. sept.	Eldur í Kaupinhavn lesinn heima, kafli 1-9
40	2.-6. okt.	Eldur í kaupinhavn lesinn heima, kafli 10-18. Próf 5. okt.
41	9.-11. okt. (+Haustfrí)	Verkefni um Íslandsklukkuna að loknum lestri. Vangaveltubók, skil 2.
42	16.-21. okt.	Verkefni unnin og flutt. Tímaritgerð.
43	23.-27. okt.	Sýnishorn greina, smásagna, leikrita og ljóða.
44	30. okt.-3. nóv.	Sýnishorn greina, smásagna, leikrita og ljóða. Vangaveltubók, skil 3.
45	6.-10. nóv.	Lokaverkefni lögð inn og unnin.
46	13.-17. nóv.	Lokaverkefni lögð inn og unnin.
47	20.-24. nóv.	Lokaverkefni flutt.
48	27. nóv.-1. des.	Lokaverkefni flutt. Vangaveltubók, lokaskil.
49	4.-7. des.	Uppsóp.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða samvinnu

17. ágúst 2017

Kennari.